



Sviksemisrannsóknir

Fyrirlestur hjá Félagi um innri endurskoðun
Jón H. Snorrason,
aðstoðarlögreglustjóri/saksóknari.



Lögreglustjórinn á
höfðuðborgarsvæðinu



Sviksemisrannsóknir

Sviksemi í starfsemi fyrirtækja og stofnana almennt.

Sviksemisrannsóknir

Brot sem oftast eru framin af starfsmönnum innan fyrirtækja gegn hagsmunum fyrirtækja varða oftast ákvæði hegningarlaga sem fjalla um;

- Fjárdrátt
- Umboðssvik
- Einnig er hugsanlegt að um geti verið að ræða fjársvik eins og dæmin sanna.

Sviksemisrannsóknir

Fjárdráttur er refsiverður samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Hugtakið fjárdráttur er skilgreint svo:

Fjárdráttur er einhliða og ólögmæt tileinkun fjárverðmæta, sem eru eign annars, að einhverju leyti eða öllu, en í vörslu hins brotlega sjálfs, enda sé tileinkun gerð í auðgunarskyni.

Sviksemisrannsóknir

Umboðssvik eru refsiverð samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Hugtakið umboðssvik er skilgreint svo:

Ákvæðið fjallar um misnotkun aðstöðu til þess að gera eitthvað er annar maður verður bundinn við. Það felur ekki aðeins í sér aðstöðu sem kemur til af umboði heldur einnig aðra raunverulega aðstöðu til þess að gera eitthvað er bindur annan mann.

Sviksemisrannsóknir

Hið íslenska heiti brots, umboðssvik, er bein þýðing úr dönsku, mandatsvik. Ákvæðin í norsku og sænsku lögnum sem eru sambærileg að efni til, en þar eru brotin nefnd strafferettslig utroskap í norsku og trolöshet mot huvudman. Hið íslenska og danska heiti sem valið hefur verið gefur ef til vill til kynna þrengri mynd af broti en efni stendur til.

Sviksemisrannsóknir

Fjársvik eru það ef maður kemur öðrum manni til að hafast eitthvað að eða láta eitthvað ógert með því á ólögmetan hátt að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans um einhver atvik, og hefur þannig fé af honum eða öðrum

Fjársvik eru fólgin í því að beita **saknæmum blekkingum**, með því að skýra

- a. vísvitandi rangt frá atvikum
og/eða
- b. leggja vísvitandi launung á atriði.

Sviksemisrannsóknir

Fjárdráttur og umboðssvik eru hin dæmigerðu sviksemisbrot sem eru eða kunna að vera viðfangsefni innri endurskoðenda. Brotin eru dæmigert trúnaðarbrot.

- Fjárdráttur starfsmanns í fyrirtæki eða stofnun á sér stað þegar starfsmaður dregur sér fjármuni sem honum hefur verið trúnað fyrir og hefur í sinni vörslu vegna starfs og stöðu.
- Í umboðssvikum fellst misnotkun aðstöðu til þess að gera eitthvað er annar maður verður bundinn við, sem bindur annan mann og leiðir til taps fyrir hann eða hættu á tapi eða að hagsmunir hans séu fyrir borð bornir.

Sviksemisrannsóknir

Það ræðst fyrst og fremst af aðstöðu manna og eðli brota að brotamaður sér sér einhverja leið til þess að fremja brot og að það uppgötvast sjaldan um leið og það er framið heldur síðar. Oft er staðan þannig að það kann að vera mjög erfitt að komast að þeim og oft virðist það gerast fyrir tilviljun að brot uppgötvast.

Sviksemisrannsóknir

Brotamenn hafa fundið leiðir til þess að verjast eftirliti og eða endurskoðun eða fundið leiðir til þess að viðhafa blekkingarleik þegar slíkt fer fram, t.d. með rangfærslum og fölsunum.

Sumir brotamenn hafa af einhverjum ástæðum verið undanskyldir eða yfir það hafnir að sæta skoðun eða eftirliti.

Sviksemisrannsóknir

Í flestum tilvikum bera þessi afbrot með sér alvarlegan trúnaðarbrest starfsmanna sem hafa áunnið sér mikið traust og oftast taldir hollir starfinu og eigendum eða fyrirsvarsmönnum.

Sviksemisrannsóknir

Dæmi úr dómsmálum sem flokkast undir sviksemi starfsmanns.

Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs hafði í tæplega tvo áratugi dregið sér fé úr lífeyrissjóðnum.

Hann daldi fjárdráttinn með því að leggja fyrir endurskoðanda gögn um eignir sjóðsins með tilæfulausum og fölsuðum yfirlitum um bankareikninga og um eignir í skuldabréfum af ýmsu tagi.

Framkvæmdastjórinn kom sjálfur til lögreglu til þess að játa á sig fjárdráttinn og lagði fram gögn um hann. Gögnin voru að vísu alls ekki fullnægjandi og reyndist fjárdrátturinn meiri.

Ástæða þess að framkvæmdastjórinn gaf sig fram var að fyrir dyrum stóð að sameina sjóðinn öðrum lífeyrissjóði.

Sviksemisrannsóknir

Dæmi úr dómsmálum sem flokkast undir sviksemi starfsmanns.

- Fyrirspurn frá skattayfirvöldum til Landsímans vegna þess að fyrirtæki sem var til skoðunar hjá skattayfirvöldum taldi fram lántöku frá Landsímanum. Hjá Landsímanum fannst ekkert um slíka lánveitingu og heldur ekkert í eðli þeirrar starfsemi að til slíks hefði komið. Við athugun kom í ljós að millifærslur höfðu átt sér stað af reikningum Símans til umrædds fyrirtækis.
- Málið var kært og unnið í samvinnu lögreglu og kæranda. Fljótlega kom í ljós að verulegar fjárhæðir höfðu verið færðar af reikningum Símans til fyrirtækisins og forsvarsmanna þess. Sá sem hafði staðið að þessum færslum var aðalgjaldkeri Símans. Hann hafði einnig tileinkað sér fé sjálfur. Þegar rannsókn lauk virtist hann hafa dregið sér eða öðrum 261.000.000 kr, og var hann sakfelldur fyrir fjárdrátt.
- Fjárdrátturinn hafði átt sér stað á tímabili sem spannaði vel á annað ár. Nokkrum árum áður en fjárdrátturinn byrjaði hafði verið stofnaður í bókhaldi sérstakur biðreikningur vegna afmarkaðs verkefnis sem þótti ljóst að stæði í nokkur ár. Í ljós kom að biðreikningur þessi hafði vaxið umfram þetta verkefni sem var þó stórt og skipti verulegum fjármunum eða hundruðum milljóna króna. Þá kom í ljós að aðalgjaldkerinn sem hafði með höndum uppgjör á þessu verkefni var einn með umsýsluna og ekkert sérstakt eftirlit var með þessum reikningi.

Sviksemisrannsóknir

Dæmi úr dómsmálum sem flokkast undir sviksemi starfsmanns.

- Sparisjóðsstjóri, tiltölulega lítils sparisjóðs, hafði um langt skeið dregið sér (fengið að láni) fé af ýmsum bankareikningum í sparisjóðnum. Í mörgum tilvikum var um það að ræða að eigendur sparisjóðsreikninganna voru aldnir einstaklingar sem fólu allt sitt í hendur sparisjóðnum og höfðu ekki fengið yfirlit yfir reikninga sína og alls ekki óskað þess eða saknað þess að fá yfirlit.
- Grunsemdir vöknudðu þegar kom að því að gera upp dánarbú eins af þeim sem átt hafði reikning sem sparisjóðsstjórinn hafði dregið sér fé af. Í framhaldi af því gerði þáverandi bankaeftirlit Seðlabanka Íslands rannsókn á sjóðnum þar sem í ljós kom umfang fjárdráttarbrot.

Sviksemisrannsóknir

Dæmi úr dómsmálum sem flokkast undir sviksemi starfsmanns.

- Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs hafði um nokkurn tíma fjárfest fyrir sjóðinn í skuldabréfum útgefnum af byggingaverktökum með veði í fasteignum í byggingu. Það var honum óheimilt nema í tilvikum þegar um var að ræða veð í eignum sjóðsfélaga og að bréfin væru innan 50% af fasteignamati. Í ársreikningi sjóðsins voru slík bréf ekki talin á meðal eigna sjóðsins heldur voru þau talin með samtölu bréfa útgefin af ríki og sveitarfélögum.
- Fyrir tilviljun komst stjórnarmaður að því að sjóðurinn átti bréf með veði í skrifstofubyggingu sem var reyndar ennþá í byggingu. Það leiddi til þess að stjórn fékk endurskoðanda, annann en löggiltan endurskoðanda sjóðsins, til þess að gera athugun sem leiddi til þess að málið komst upp á yfirborðið og var kært til lögreglu.
- Fyrir utan það að óheimilt var samkvæmt reglum sjóðsins að kaupa slík bréf voru grunsemdir um að framkvæmdastjórinn hefði látið sjóðinn greiða fullt verð fyrir bréfin þrátt fyrir að hann hefði í raun keypt þau með talsverðum afföllum.
- Hann var sakfelldur umboðssvik og fjárdrátt. Þess má geta að endurskoðandi sjóðsins var ákærður og dæmdur vegna vanrækslu í starf.

Sviksemisrannsóknir

Dæmi úr dómsmálum sem flokkast undir sviksemi starfsmanns.

- Starfsmaður Tryggingastofnunar ríkisins sem sá um ásamt fleirum að meta og taka afstöðu til endurgreiðslu vegna greiðslu lyfja og eða lækniskostnaðar, bjó til tilefnis-og tilhæfulaus mál á einstaklinga og gaf í framhaldi út greiðslufyrirmæli til gjaldkera um að framkvæma endurgreiðslu á bankareikninga þessara einstaklinga.
- Starfsmaðurinn og sonur hans höfðu fengið á milli 50 og 100 einstaklinga til þess að ljá nafn sitt og þátttöku til þessa gegn því að fá sjálft hluta þess sem svikið var út úr TR. Heildarfjárhæð þess sem svikið var út var u.þ.b. 75.000.000 kr.
- Starfsmaðurinn var sakfelldur og dæmdur fyrir fjársvik og brot í opinberu starfi. Starfsmaðurinn sá ekki um greiðsluna en hann hafði stöðu til þess að taka mál til meðferðar, ákvarða um greiðslu og gefa fyrirmæli um greiðslu sem ekki lutu endurskoðun eða kröfðust aðkomu eða uppáskriftar annars starfsmanns.

Sviksemisrannsóknir

Dæmi úr dómsmálum sem flokkast undir sviksemi starfsmanns.

- Starfsmaður innflutningsfyrirtækis sem hafði unnið þar sem gjaldkeri í áratugi og reyndar tekið við starfinu af afa sínum hafði dregið sér fé hjá fyrirtækinu um langt árabil. Fjárdrátturinn var verulegur þegar upp komst eða sem nemur verði ágætis einbýlishúss. Grunsemdir vöknuðu þegar endurskoðanda fannst viðskiptamannareikningur fyrirtækisins full stór. Í ljós kom að gjaldkerinn hafði dregið sér fé sem voru greiðslur frá viðskiptavinum þannig að útistandandi kröfur á þá virtust hærri en raunverulega sem nam fjárdrættinum.
- Starfsmaðurinn hafði mikið traust hjá eigendum fyrirtækisins, og virtist helga fyrirtækinu alla krafst sína eins og hún ætti fyrirtækið sjálf enda hvergi annarstaðar unnið. Hún tók sér lítið frí og var alltaf til staðar um mánaðarmót og var í "góðu" sambandi við viðskiptavini fyrirtækisins.
- Þess má geta að löggiltir endurskoðendur fyrirtækisins voru dæmdir til þess að greiða fyrirtækinu verulegar skaðabætur vegna starfa sinna fyrir fyrirtækið.

Sviksemisrannsóknir

Dæmi úr dómsmálum sem flokkast undir sviksemi starfsmanns.

- Starfsmaður iðnfyrirtækis sem hafði unnið þar sem sölustjóri lengi hafði mikið traust hjá eigendum þess enda vinnuþjarkur sem aldrei vantaði í vinnu og tók sér aldrei frí. Þegar forstjórinn sem jafnframt var eigandinn stóð fyrir tilviljun frammi fyrir viðskiptavinum sem ekki kannaðist við að vera í skuld vöknuðu grunsemdir sem leiddu til "skyndikönnunar" og þess að lögð var fram kæra hjá lögreglu.
- Við rannsókn var upplýst um umtalsverðan fjárdrátt sem framkvæmdur var með þeim hætti að sölustjórinn tók við greiðslum frá viðskiptavinum sem hann kom ekki til gjaldkera í öllum tilvikum eða stundum að hluta. Fyrir lá því að útistandandi kröfur samkvæmt bókhaldi fyrirtækisins voru umtalsvert hærri en raunverulegar eða sem nam fjárdrættinum.

Sviksemisrannsóknir

Dæmi úr dómsmálum sem flokkast undir sviksemi starfsmanns.

- Starfsmaður hjá skattstofu átti útflutningsfyrirtæki ásamt félaga sínum sem fyrirhugað var að ætti að stunda fiskútflutning. Viðkomandi starfsmaður hafði þann starfa að fjalla um útgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyptra aðfanga og eða þjónustu.
- Við athugun hjá skattstofunni kom til skoðunar reikningur sem var grundvöllur útgreiðslu hjá útflutningsfyrirtækinu. Það vakti grunsemdir um að ekki hefði verið forsenda fyrir reikningnum. Málið var kært til lögreglu þar sem við rannsókn var upplýst að reikningarnir allir voru tilhæfurlausir og engin starfsemi hjá félaginu.
- Starfsmaður skattstofunnar fékk fangelsisdóm fyrir brot gegn ákvæði skattalaga sem er sérákvæði um fjársvik í lagaumhverfi laga um virðisaukaskatt.

Sviksemisrannsóknir

Dæmi úr dómsmálum sem flokkast undir sviksemi starfsmanns.

- Bókari og gjaldkeri hjá byggingasamvinnufélagi dró sér á nokkum árum tæplega 20.000.000 kr.
- Aðferð brotamanns var að færa fé af reikningum félagsins á sína eigin. Hann faldi fjárdrátt sinn með því að telja til eigna bankareikninga með innistæðum sem svaraði fjárdrættinum. Bankareikningana skilgreindi hann sem sjóði til viðhalds fasteigna. Þessir reikningar voru aldrei til og gögn um þá alger tilbúningur.
- Málið kom upp þegar brotamaður hætti störfum og gat ekki gert upp fjárdrátt sinn.

Sviksemisrannsóknir

Dæmi úr dómsmálum sem flokkast undir sviksemi starfsmanns.

- Mjög mörg mál hafa komið upp og verið kærð til lögreglu vegna fjárdráttar starfsmanna skóla, leikskóla og sambýla vegna fjármuna sem ekki eru beinlínis til reksturs. Oft er um að ræða lausafé skjólstæðinga sambýla, sjóði skóla og leikskóla sem myndast vegna safnana til ákveðinna verkefna eða koma til vegna sérstakra greiðsla frá nemendum og eða foreldrum.
- Í flest öllum tilvikum hefur viðkomandi fyrirsvarsmaður, þ.e. skólastjóri eða lægra settur svo sem deildarstjóri, ekki getað skilað fé sem hann hefur haft í vörslum sínum eða ekki getað gert grein fyrir ráðstöfun fjármuna.
- Sjaldnast er haldið utan um þessa fjármuni með öðrum hætti en með því að leggja þá inn á bankabók og halda til haga kvittunum um greiðendur og um útgjöld.
- Fram kemur í dómsmálum vegna þessara mála að viðkomandi hafði ekki neitt form til þess að nota til þess að halda utan um fjámunina, ekkert eftirlit var með starfinu hvað þetta varðaði og þessi fjárgæsla var ekki á vegum vinnuveitanda sem telur sig enga ábyrgð hafa á starfsmanni sínum hvað þetta varðar.

Sviksemisrannsóknir

Dæmi úr dómsmálum sem flokkast undir sviksemi starfsmanns.

- Síðast töldu dæmin um mál sem flokka má undir sviksemi, eru dæmi um aðstæður sem koma til vegna þess að viðkomandi, sem ekki hefur til þess þekkingu og eðlilegt umhverfi, er fenginn starfi sem skapar verulega hættu á lausung.
- Það er eðlilegt hlutverk innri endurskoðunar að vinna að forvörnum til þess að starfsemi eða hluti hennar sé ekki útsettur fyrir brotum sem flokkast undir að vera sviksemi. Í þessu tilviki þeir sem fá þjónustu eða eru skjólstæðingar stofnana.

Sviksemisrannsóknir

Hvernig kemmst upp um sviksemi starfsmanna?

- Það eru mörg dæmi þess að starfsmenn uppgötvi sviksemi í umhverfi sínu.
- Það eru einnig dæmi um það að ábendingum utan frá sé komið til ábyrgra aðila.
- Það eru dæmi þess að breytingar á fyrirkomulagi af einhverju tagi leiði til þess að brot uppgötvast þar sem brotamaður missir tök á "nauðsynlegum" þáttum í ferli.
- Það eru dæmi þess að brotamaður geri grein fyrir brotum sínum ef og þegar honum finnst að sér þrengt t.d. með endurskoðun.

Sviksemisrannsóknir

Sviksemi í fyrirtækjum og stofnunum er nær undantekningalaust um fjármuni eða fjárhafslega hagsmuni. Af því leiðir að sönnun og sönnunargögn eru fólgin í skjallægum upplýsingum hjá fyrirtækinu og þá bókhaldi þess og bókhaldsgögnum. Bókhald eða bókhaldsgögn hafa gjarnan verið rangfærð eða gögnum komið fyrir sem eru röng og tilhæfulaus. Oft verða svik ekki upplýst að fullu nema með samanburði við önnur fyrirtæki, stofnanir eða viðskiptavini.

Sviksemisrannsóknir

Það skiptir oftast sköpum að komið sé á sambandi við lögreglu fljótlega í kjölfar þess að sviksemi uppgötvast ef þannig háttar til að málið verður ekki að fullu upplýst með gögnum sem eru til hjá viðkomandi fyrirtæki eða stofnun og grunsemdir eru um að brotamaður eigi sér vitorðs- eða samverkamenn. Í mörgum tilvikum getur þó útilokun á aðgangi brotamanns að fyrirtækinu eða stofnuninni komið í veg fyrir að hann geti spillt fyrir rannsókn.

Sviksemisrannsóknir

Ef grunsemdir eru um að viðkomandi geti komið undan sönnunargögnum og eða fjármunum er þýðingarmikið að hafa náið samráð við lögreglu sem hefur lagaheimildir til þess að tryggja að brotamaður sé hamlaður í því.